

Fréttatilkynning
19. febrúar 2015

Ársreikningur Landsnets hf. fyrir árið 2014 - Lægri ársverðbólga skýrir góða rekstrarniðurstöðu -

Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði (EBIT) nam 6.174 mkr. samanborið við 6.568 mkr. á fyrra ári og lækkar því um 394 mkr. á milli ára. Lækkun á rekstrarhagnaði fyrir fjármagnsliði skýrist meðal annars af lægra meðalgengi dollars en um 60% af tekjum félagsins er í þeirri mynt. Þá hafði hærra verð á aðkeyptri orku vegna flutningstapa í kerfinu nokkur áhrif auk þess sem rekstrarkostnaður hækkaði vegna aukinna umsvifa.

Hagnaður Landsnets hf. samkvæmt rekstrarreikningi nam 3.762 mkr. fyrir árið 2014 samanborið við 2.183 mkr. hagnað á árinu 2013. Aukinn hagnaður skýrist fyrst og fremst af lægri fjármagnsliðum en hrein fjármagnsgjöld námu samtals 1.519 mkr. á árinu 2014 á móti 3.870 mkr. á árinu 2013 og lækka um 2.351 mkr. á milli ára. Að stórum hluta liggur ástæðan í lægri verðbólgu á árinu 2014 en verðbólga ársins mældist aðeins um 1%. Stærsti hluti lánasafns félagsins er í íslenskum krónum og hefur því þróun verðbólgu veruleg áhrif á rekstrarniðurstöðu félagsins á hverjum tíma. Viðsnúningur í gengisþróun hafði einnig nokkur áhrif og varð gengishagnaður á árinu um 982 mkr. á móti 329 mkr. gengistapi á árinu 2013.

Fjárfestingar voru nokkuð lægri á árinu en á fyrra ári og numu um 3.851 mkr. samanborið við 6.408 mkr. árið áður. Helstu fjárfestingar ársins voru bygging nýs tengivirkis á Ísafirði og varaafsstöðvar á Bolungarvík, en báðar þessar fjárfestingar eru til að auka áreiðanleika afhendingar raforku í flutningskerfinu á Vestfjörðum. Frekari áform um fjárfestingar á árinu frestuðust vegna þess að leyfi fengust ekki fyrir þeim vegna ágreinings sem er um útfærslur.

Eiginfjárlutfall í árslok var 23,5% samanborið við 19,9% í lok fyrra árs. Eigið fé í árslok nam 19.208 mkr. samanborið við 15.446 í lok árs 2013. Heildareignir félagsins í árslok námu 81.859 mkr. samanborið við 77.608 mkr. í lok fyrra árs. Heildarskuldir námu 62.651 mkr. samanborið við 62.162 mkr. í lok fyrra árs.

Lausafjárstaða félagsins er sterk, í árslok nam handbært fé 12.235 mkr. Handbært fé frá rekstri nam 6.231 mkr. árið 2014 samanborið við 7.733 mkr. árið 2013.

Rekstrarniðurstaða ársins er betri en áætlanir félagsins gerðu ráð fyrir og liggur það nær eingöngu í jákvæðari niðurstöðu fjármagnsliða. Rekstrarhæfi félagsins er mjög gott. Samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 2015 mun handbært fé standa undir fjárfestingum og afborgunum lána.

Ársreikningur Landsnets hf. var samþykktur á fundi stjórnar 19. febrúar 2015.

Frekari upplýsingar veitir:

Guðlaug Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri fjármála, sími 563 9311 eða netfang gudlaugs@landsnet.is.

Helstu niðurstöður rekstrarreiknings, lykiltölur efnahagsreiknings og kennitölur (fjárhæðir eru í þúsundum króna):

Rekstrarreikningur	2014	2013	2012	2011
Rekstrartekjur	14.350.406	13.874.282	12.344.462	11.903.220
Rekstrargjöld	(8.176.254)	(7.306.534)	(7.038.846)	(6.462.803)
Rekstrarhagnaður	6.174.152	6.567.748	5.305.616	5.440.417
Hrein fjármagnsgjöld	(1.519.059)	(3.869.894)	(4.338.924)	(4.396.146)
Áhrif hlutdeildarfélags	38.303	25.055	18.580	5.516
Hagnaður fyrir tekjuskatt	4.693.396	2.722.909	985.272	1.049.787
Tekjuskattur	(931.155)	(539.511)	(184.319)	(209.957)
Hagnaður	3.762.241	2.183.398	800.953	839.830

Efnahagsreikningur	31.12.2014	31.12.2013	31.12.2012	31.12.2011
Fastafjármunir	66.779.640	66.369.857	62.450.596	62.451.825
Veltufjármunir	15.079.836	11.238.258	12.422.276	12.226.867
Eignir samtals	81.859.476	77.608.115	74.872.872	74.678.692
Eigið fé	19.208.474	15.446.233	13.262.835	12.461.882
Langtímaskuldir og skuldbindingar	58.496.000	58.563.938	57.643.922	55.579.998
Skammtímaskuldir	4.155.002	3.597.944	3.966.115	6.636.812
Eigið fé og skuldir samtals	81.859.476	77.608.115	74.872.872	74.678.692

Sjóðstreymi	2014	2013	2012	2011
Handbært fé frá rekstri	6.230.641	7.733.269	5.808.064	6.279.268
Fjárfestingahreyfingar	(3.851.017)	(6.408.083)	(2.211.407)	(829.927)
Fjármögnunarhreyfingar	(907.061)	(824.874)	(3.989.118)	(286)
Áhrif gengisbreytingar á handbært fé	844.896	(892.880)	459.317	537.960
Handbært fé í ársbyrjun	9.917.204	10.309.772	10.242.916	4.255.901
Handbært fé í árslok	12.234.663	9.917.204	10.309.772	10.242.916

Helstu kennitölur	2014	2013	2012	2011
EBITDA	9.141.882	9.165.669	7.773.168	8.006.865
Eiginfjárhlutfall	31.12.2014	31.12.2013	31.12.2012	31.12.2011
	23,5%	19,9%	17,7%	16,7%

Hlutverk Landsnets er að annast flutning raforku á Íslandi, uppbyggingu flutningskerfisins og stjórnun raforkukerfisins.